

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 17. nóvember
- 14. liður; gjaldskrá fyrir hundahald í Reykjavík
- 15. liður; gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit
Fundargerð borgarráðs frá 24. nóvember
- 16. liður; breyting á yfirvinnugreiðslum á leikskólum
Fundargerð borgarráðs frá 28. nóvember

Forseti: Við förum í 5. mál á dagskrá og við leggjum fram fundargerð borgarráðs frá því 17. nóvember. Bera þarf upp 14. lið sem er gjaldskrá fyrir hundahald í Reykjavík. [Forseti slær í bjöllu]. Þá er 14. liður úr fundargerð borgarráðs frá 17. nóvember borinn upp. Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja það gefi merki. Einhverjir á móti? Það telst því samþykkt. Við berum upp 15. lið sem er gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit, [forseti slær í bjöllu]. Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja það gefi merki. Einhverjir á móti? Það telst því samþykkt. Við leggjum fram fundargerðir borgarráðs frá 24. nóvember. Undir 16. lið hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir kvatt sér hljóðs.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 17. nóvember
- 14. liður; gjaldskrá fyrir hundahald í Reykjavík
- 15. liður; gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit
Fundargerð borgarráðs frá 24. nóvember
- 16. liður; breyting á yfirvinnugreiðslum á leikskólum
Fundargerð borgarráðs frá 28. nóvember

Sóley Tómasdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Bara svo það sé sagt þá varðar þessi liður breytingu á yfirvinnugreiðslum til leikskólakennara, ég man ekki alveg hvernig þetta var orðað, og snýst um þá ákvörðun meirihlutans að fella niður í skrefum yfirvinnugreiðslur vegna þeirrar vinnu sem leikskólakennarar inna af hendi í hádegismat með börnunum. Ég hef svosem oft og ítrekað sagt skoðun mína í þessu máli, ég vil bara árétta hana hér og ég vil að bókun mín úr borgarráði verði tekin inn í fundargerð borgarstjórnar hér í dag að meirihlutinn hafi með þessu stigið enn eitt skrefið gegn leikskólakennurum og leikskólum í borginni. Hann hefur komið fram með miklum ólíkindum gagnvart þessum stofnunum sem eru algjört grundvallaratriði í rekstri borgarinnar og finnst það mjög miður. Mér finnst alveg með hreinum ólíkindum að á öllum öðrum sviðum sé yfirvinna mun hærri og mun hærra hlutfall af heildarlaunagreiðslum heldur en á leikskólasviði og það skuli höggvið í þá örfáu yfirvinnutíma sem greiddir eru þarna.

Ég minni á minnisblað sem lagt var fram í borgarráði fyrir ekkert mjög löngu síðan sem sýnir hlutfall yfirvinnugreiðslna af heildargreiðslum hjá borginni. Þar er sláandi munur á leikskólasviði annarsvegar og hinum sviðunum hinsvegar og þá sérstaklega hörðu sviðunum þar sem ennþá eru fastlaunasamningar upp á fleiri tugi tíma á mánuði. Það er enginn leikskólakennari með slíkt þori ég að fullyrða og það er skammarlegt að meirihlutinn skuli hefja innreið sína í endurskoðun yfirvinnugreiðslna á því sviði. Það er ekkert í kjarasamningnum sem hefur breyst varðandi matar- og kaffihlé og rökstuðningur meirihlutans fyrir þessum aðgerðum sínum, að leikskólakennarar hafi boðið fram þá lausn í kjaradeilunni í sumar að þessar greiðslur færu inn í grunntaxta halda ekki vegna þess að því tilboði var ekki tekið. Samningurinn eins og hann er í dag er eins og hann er í dag vegna þess að það var verið að stefna að því að leikskólakennarar næðu sömu launum og grunnskólakennarar á samningstímabilinu. Þá minni ég á að leikskólakennarar hafa fengið 2,5% hækkun, minnir mig eða 3,5% hækkun það sem af er og eru alls ekki ofaldir af sínum launum og það er beinlínis lúalegt að ætla að fjármagna launahækkanir leikskólakennara með því að skerða kjör þeirra sjálfra.

Bstj. 30. nóvember 2011

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 17. nóvember
- 14. liður; gjaldskrá fyrir hundahald í Reykjavík
- 15. liður; gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit
Fundargerð borgarráðs frá 24. nóvember
- 16. liður; breyting á yfirvinnugreiðslum á leikskólum
Fundargerð borgarráðs frá 28. nóvember

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vildi einnig koma örstutt upp vegna þessa mál og ég vildi eiginlega óska eftir aðeins skýringum frá formanni skóla- og fræðsluráðs eða gamla leikskólaráðs Oddnýju Sturludóttur borgarfulltrúa eða þá borgarstjóra eða hver svosem vill svara því, vegna þess að það kom nokkuð á óvart fyrir okkur sem sitjum í borgarráði og erum ekki þeim megin borðsins að hafa tekið þátt í samningagerðinni við leikskólakennara eða átt við þau samtöl formlega að minnsta kosti eftir þessar kjarasamningsviðræður. Vegna þess að meirihlutinn var mjög ákveðinn í því á fundi borgarráðs, og það sést á bókunum meirihlutans í því bókanafári sem þar varð milli Vinstri grænna og meirihlutans út af málinu, og eins í tillögugerðinni sjálfri, þá kemur fram að það er afdráttarlaus skoðun meirihlutans að leikskólakennarar hafi mátt ætla og mátt vænta þess að gripið yrði til þessara aðgerða. Ég allavega, og ég held að við höfum öll gert það, ég allavega trúði því að það væri þannig.

Svo þegar við komum út af þessum fundi og kveikjum á kvöldfréttunum, þá er formaður Félags leikskólakennara í fjölmiðlum og það er hvorki meira né minna heldur en tilkynnt að leikskólakennarar séu sturlaðir ef ég man orðalagið rétt. Ég held að menn hafi sagt sturlaðir. Að stéttin væri sturluð yfir þessu og hefðu með engum hætti mátt vænta þessara aðgerða af hálfu borgarinnar og mjög mikil og stór orð látin falla og mér skilst að nú séu leikskólakennarar að láta skoða sinn rétt með einhverjum hætti í þessu máli, hafa allavega talað um það að þeir hafi ráðið til sín lögfræðinga vegna þess og nú segi ég eins og Sóley Tómasdóttir, ekki eru leikskólakennarar, frekar eins og margir aðrir, ofaldir af sínum launum eða við myndum öll gjarnan vilja að hægt væri að hækka við þessa stétt, sem staðið hefur vaktina svo vel fyrir okkur og börnin okkar í langan tíma, en ég vil aðeins fá skýringar á því hvernig meirihlutinn útskýrir þessi viðbrögð stéttarinnar.

Ég reyndar, til þess að upplýsa það, átti tölvupóstsamskipti við mannauðsstjóra í gær og spurði hann að þessu og sagði honum að ég myndi segja frá því hér í þessum sal því ég vildi líka reyna að átta mig á því hvort einhverjar þær

Bstj. 30. nóvember 2011

upplýsingar sem við höfðum fengið í borgarráði væru ekki réttar. Mannauðsstjóri staðfesti að þær væru réttar og hans skilningur væri sá sami og fram hefði komið hjá meirihlutanum um að þrátt fyrir að þetta hafi ekki verið tekið fram í neinum kjarasamningum, þá hefðu allir mátt skilja niðurstöður kjarasamninganna þannig að þessarar aðgerðar hefði mátt vænta. Þannig að ég vildi samt, þrátt fyrir að hann hafi svona róað mig með það að það hafi verið og satt sem fram kom í borgarráði, þá vildi ég fá aðeins skýringar meirihlutans á því hvernig stendur á því að þessi viðbrögð verða með þessum hætti og hver talinn er að verði eftirleikurinn í málinu, því eins og ég segi komu þessi viðbrögð allavega miðað við umræðuna talsvert á óvart, nokkrum mun harkalegri heldur en ég held að við höfum átt von á.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er ... veita andsvar? Já, fyrirgefðu. Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 17. nóvember
- 14. liður; gjaldskrá fyrir hundahald í Reykjavík
- 15. liður; gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit
Fundargerð borgarráðs frá 24. nóvember
- 16. liður; breyting á yfirvinnugreiðslum á leikskólum
Fundargerð borgarráðs frá 28. nóvember

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég get tekið undir það með borgarfulltrúanum að þessi hörðu viðbrögð í síðustu viku komu nokkuð á óvart þó að auðvitað sé það hlutverk talsmanna stéttarfélaga að standa vörð um hver þau kjör sem til umræðu eru hverju sinni. Ástæðan fyrir því að þau koma á óvart er sú að í aðdraganda þess að það fékkst lausn á þessa kjarasamninga áttu fulltrúar borgarinnar, og þ.m.t. ég, samtöl við fulltrúa í samninganefnd Félags leikskólakennara og það var alveg skýrt í þeim samtölum, allavega af minni hálfu, og ég veit og hef ekki heyrt annað en að það hafi verið samhljóða í öllum þeim samtölum að ef borgin væri að fara að gangast inn á það að bæta laun leikskólakennara með þessum hætti, þá yrði það að vera sameiginlegur skilningur eða þá yrðu menn að vita að okkar skilningur væri þá að við værum að færa neysluhléið inn í taxtana. Það yrði vissulega gert samkvæmt einhverskonar áföngum og þá myndum við ekki taka það af allt á einu bretti heldur í sömu áföngum. Og mér var það mikið kappsmál að þetta lægi skýrt fyrir og þetta bærisk þeim til eyrna vegna þess að ég vildi ekki að það mál síðan blossaði einhvern veginn upp síðan í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar sem einhverskonar bakslag eða svik af hálfu borgarinnar, þannig að ég vildi að það væri alveg skýrt.

Og í aðdraganda þess að þessi tillaga var lögð núna fram átti ég aftur samtöl þar sem ég rifjaði þessi samskipti upp þannig að þetta væri nú allt saman á hreinu og ég talaði raunar við formann Félags leikskólakennara eftir að þessi sturlunartilkygning kom í fréttum í síðustu viku til þess að lýsa sérstökum vonbrigðum í ljósi fyrri samskipta, sem voru reyndar ekki öll við hann beint, og mér finnst hann í öllum persónulegum samskiptum hafa verið mjög drengilegur og ég hef aldrei orðið var við það að hann hafi haldið því fram að um einhverskonar svik eða eitthvað annað eða hafi verið alveg skýrt og gefið til kynna af okkar fulltrúum fyrir kjarasamninga hafi verið að ræða. Þannig að þessi hörðu viðbrögð komu mér vissulega á óvart.

Bstj. 30. nóvember 2011

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að veita andsvar.
Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 17. nóvember
- 14. liður; gjaldskrá fyrir hundahald í Reykjavík
- 15. liður; gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit
Fundargerð borgarráðs frá 24. nóvember
- 16. liður; breyting á yfirvinnugreiðslum á leikskólum
Fundargerð borgarráðs frá 28. nóvember

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka þessi svör sem eru í fullu samræmi við þau svör sem ég vitnaði til áðan og fékk frá mannauðsstjóra um að þessi sjónarmið hafi verið viðsemjendum ljós þegar kom að lokum kjarasamningsgerðar. Ég er samt sem áður að velta fyrir mér, og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson getur kannski upplýst um það, hvert verður framhaldið á málinu? Nú má ætla, eða þau segjast vera búin að fá sér lögmann í málið og þá má ætla að það hefjist einhver málaferli. Hver er staðan í því? Hefur verið einhvern veginn reynt að fara yfir málið með þeim? Hafa þau einhvern veginn dregið í land eða er þetta sameiginlegur skilningur?

Svo auðvitað blandast þessi deilda, virðist vera, aðeins saman bara við umkvartanir leikskólakennara almennt um að það sé ekki verið að nýta plássin nógu vel, það væri hægt að taka inn fleiri börn og svo framvegis. Ég ætla nú ekki að blanda því inn í það en ég var að velta fyrir mér hvort væri hægt að svara því hvernig borgin sæi fyrir sér framhaldið á þessu.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 17. nóvember
- 14. liður; gjaldskrá fyrir hundahald í Reykjavík
- 15. liður; gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit
Fundargerð borgarráðs frá 24. nóvember
- 16. liður; breyting á yfirvinnugreiðslum á leikskólum
Fundargerð borgarráðs frá 28. nóvember

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég svosem get ekkert alveg spáð um það en það er rétt að því hefur verið hreyft að það verði látið á það reyna hvort þetta varði við jafnræði milli stéttarféлага eða starfsfólks að þessar tilteknu yfirborganir séu við einn hóp en annan ekki. Það varð hinsvegar niðurstaðan eftir að við höfðum skoðað það og sérstaklega bara í ljósi sanngirni að það væri fremur ... eða bara eiginlega ekki hægt að lægst launaði hópurinn fengi sambærilega lækku vegna þess að þau fengu ekki þessar viðbótarhækkunir eða þessar greiðslur inn í kjarasamninga. Það er auðvitað ekki hægt að taka þann rétt af Félagi leikskólakennara að láta reyna á það með einhverskonar lögum hvort þetta standist, því kannski kom það þeim að einhverju leyti á óvart að við myndum ekki láta þetta ganga til annarra hópa en í mínum huga var það alveg skýrt frá upphafi.

En án þess að ég vilji vera eitthvað að spá eða boða, þá getur það bara verið að við verðum að reyna að leita einhverra annarra leiða til þess að koma þessum viðbótarkjörum til lægst launaða hópsins ef þetta er einhver leið sem er vond út frá einhverri jafnræðisreglu en ég á þó ekki von á því. Það væri allt eins hægt að spyrja þá hvort það væri ekki brot á jafnræðisreglu að leikskólakennarar fengju meiri launahækkun heldur en þeir sem ynnu við þeirra hlið en það er bara mjög flókin umræða. Ég held að enginn af þessum hópum sé of sæll af launum sínum, þetta eru hópar sem við höfum horft til á undanförunum árum með mjög miklu stolti og ég held að bæði í dæmi leikskólakennara og þeim launabótum sem fólust í kjarasamningunum og í þeirri ákvörðun að lækka ekki þessar aukagreiðslur til Eflingarfólksins og annarra felist einmitt að við viljum standa vörð um kjör þessa fólks eins og við gerðum í gegnum niðurskurðinn, eins og við gerðum í kjarasamningum við leikskólakennara og í þeirri ákvörðun að lækka ekki aðra hópa þó við værum að fara að færa þetta inn í taxtana hjá leikskólakennurum.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari öðru sinni borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 17. nóvember
- 14. liður; gjaldskrá fyrir hundahald í Reykjavík
- 15. liður; gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit
Fundargerð borgarráðs frá 24. nóvember
- 16. liður; breyting á yfirvinnugreiðslum á leikskólum
Fundargerð borgarráðs frá 28. nóvember

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Takk fyrir þessi svör aftur. Það sem náttúrulega virðist hafa gerst í þessu að einhverju leyti er það sama og mannauðsstjóri sagði við mig í gær, að það var auðvitað ekkert bókað eða undirritað eða neitt slíkt, kjarasamningurinn felur ekki í sér eitthvert ákvæði um það að þetta falli niður eða samningur verði ekki gerður við borgina, þannig að það virðist einhvern veginn stranda á því. Ég vildi hinsvegar árétta það og treysti mönnum til þess að gera það, Dagur B. Eggertsson nefndi nú nokkrar leiðir sem væru hugsanlega færar. Ég held að það sé mikils virði að reyna það og fullreyna það að það takist sátt við þessa stétt. Ég held að það sé gríðarlega erfitt fyrir okkur við þessar aðstæður sem núna eru uppi og það rót sem hefur verið í umhverfinu hjá þessari stétt og hjá mörgum af stéttum sem eru að starfa í grunnþjónustu fyrir Reykjavíkurborg, ég hef ekki lausnina hér en ég hvet menn til þess að reyna að leysa málið í sem bestri sátt við þessa aðila og tryggja það að öryggið sem þarf að vera í kringum þessa þjónustu sé til staðar.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur lokið við að svara andsvari öðru sinni og næstur á mælendaskrá er borgarstjóri.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 17. nóvember
- 14. liður; gjaldskrá fyrir hundahald í Reykjavík
- 15. liður; gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit
Fundargerð borgarráðs frá 24. nóvember
- 16. liður; breyting á yfirvinnugreiðslum á leikskólum
Fundargerð borgarráðs frá 28. nóvember

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það var mér ljóst í öllu þessu ferli að það væri alveg skýrt frá hendi fulltrúa Reykjavíkur að ef að þessar launahækkningar myndu eiga sér stað, þá myndu þessar yfirborganir falla niður. Og það er alveg rétt sem komið hefur hér fram að það var ekki gengið frá því formlega en það var enginn vafi í mínum huga um að það ríkti gagnkvæmur skilningur á því. Og síðan hvað veldur þessum viðbrögðum veit ég ekki, þau komu mér mjög á óvart og varðandi það sem borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir er að leggja hér til að við leitum allra leiða til þess að ná sátt við þessa stétt, þá tek ég heilshugar undir það og skal beita mér í því og leita lausna. Ég skrifaði nú ágæta grein í Fréttablaðið þar sem ég reyndi að útskýra – og útskýrði bara ágætlega þetta mál. Varðandi hvert framhaldið verður, þá held ég að við verðum bara að sjá til hvað gerist og svona takast á við það. En ég held að það sé mjög erfitt að spá fyrir um það núna en eins og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson kom inn á hér áðan, þá vildum við ekki að þessi launauppbót yrði tekin af hinum lægra launuðu eins og til dæmis meðlimum í Eflingu en við þurfum bara að sjá til, sjá hvernig þetta þróast og reyna bara að leysa þetta í eins mikilli sátt og eins farsælega og kostur er og það held ég að sé markmið allra. Takk fyrir.

Forseti: Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs [forseti hringir bjöllu]. Við þurfum að bera þennan 16. lið upp sem er breyting á yfirvinnugreiðslu á leikskólum. [Forseti slær í bjöllu] Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja þetta vilja gefi merki. Einhverjir á móti? Það telst því samþykkt. Fulltrúi Vinstri grænna hefur boðað bókun sína og ég ætla að biðja borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur um að ganga hérna upp og lesa bókunina upp.

- 4. mál Fundargerð borgarráðs frá 17. nóvember**
- 14. liður; gjaldskrá fyrir hundahald í Reykjavík
- 15. liður; gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit
Fundargerð borgarráðs frá 24. nóvember
- 16. liður; breyting á yfirvinnugreiðslum á leikskólum
Fundargerð borgarráðs frá 28. nóvember

Sóley Tómasdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Borgarfulltrúi Vinstri grænna óskar bókað:

Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar linnir ekki látum gagnvart leikskólakennurum sem hafa þurft að þola afar erfiða tíma allt frá því ný borgarstjórn var kosin vorið 2010. Nú á að afnema greiðslur vegna neysluhlés sem fulltrúar allra flokka hafa staðið vörð um gegnum afar erfiða tíma og rökstutt með sannfærandi sanngirmissjónarmiðum. Ekki er hægt að fallast á rökstuðning meirihlutans vegna málsins, þar sem talið er að umframhækkningar sem Félag leikskólakennara náði gegnum kjarasamninga vegi upp á móti greiðslum vegna neysluhlés. Þar er um eftiráskýringu að ræða sem byggir á afar veikum grunni, enda hafa ákvæði um matar- og kaffihlé ekki tekið neinum breytingum í kjarasamningnum frá því sem áður var. Umframhækkningar eru til komnar til að leiðrétta stöðu leikskólakennara gagnvart grunnskólakennurum, sem höfðu um tíma verið á betri kjörum en þeir fyrrnefndu og lítur út fyrir að það markmið náist við lok samningstímabilsins. Þá skal áréttað að grunnskólakennarar fá greitt fyrir að matast með börnum en leikskólakennarar ekki, fái meirihlutinn sínu fram. Matartímar leikskólanna eru hluti af daglegu starfi og fara varla fram án leikskólakennara sem inna af hendi mikilvæga vinnu. Fyrir þá vinnu eiga kennararnir að fá greitt, rétt eins og grunnskólakennarar og annað starfsfólk leikskólanna. Það er brýnt að fram fari endurskoðun á yfirvinnugreiðslum Reykjavíkurborgar, en afar ósanngjarnt að ein kvennastétt sem ekki er ofalin af launum sínum sé tekin fyrir sérstaklega. Nú þegar hagur borgarinnar er að vænkast og versti hjallinn yfirstaðinn í kjölfar efnahagshrunsins er með öllu óásættanlegt að gripið sé til þessara aðgerða. Borgarfulltrúi Vinstri grænna greiðir því atkvæði gegn tillögunni.

Forseti: Þá hefur fulltrúi Vinstri grænna lokið við að boða bókun sína undir þessum lið. Má bjóða fulltrúa Samfylkingarinnar og Besta flokksins að boða sína bókun? Gjörðu svo vel.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 17. nóvember
- 14. liður; gjaldskrá fyrir hundahald í Reykjavík
- 15. liður; gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit
Fundargerð borgarráðs frá 24. nóvember
- 16. liður; breyting á yfirvinnugreiðslum á leikskólum
Fundargerð borgarráðs frá 28. nóvember

Oddný Sturludóttir: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég kynni hér bókun borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar. Þetta er sama bókun og borgarráðsfulltrúar sömu flokka kynntu með einni lítilli viðbót sem kemur hér í endann. Hún hljóðar þá svo:

Borgarráðsfulltrúar Besta flokksins og Samfylkingarinnar vilja ítreka að í Reykjavík var staðinn vörður um umframgreiðslur til leikskólakennara í gegnum erfiðar fjárhagsáætlanir á meðan önnur sveitarfélög höfðu afnumið þær. Í aðdraganda kjarasamninga við Félag leikskólakennara kom skýrt fram að leikskólakennarar vildu gjarnan sjá að reykvísku umframgreiðslurnar skiluðu sér inn í launatöflu í Reykjavík sem og annars staðar á landinu. Borgarráðsfulltrúar Besta flokksins og Samfylkingarinnar fagna nýgerðum kjarasamningum við leikskólakennara og telja að forgangsröðun meirihlutans um að verja umframgreiðslurnar við knappan fjárhag borgarinnar hafi stuðlað að þeirri góðu niðurstöðu sem nú liggur fyrir. Í ljósi þess að kjarabætur til annarra starfsmanna leikskólanna, aðallega Eflingarstarfsfólks, voru ekki jafnmiklar verður ekki hreyft við umframgreiðslum til þeirra. Reykjavíkurborg fer eftir kjarasamningum um greiðslur fyrir matartíma, hér eftir sem hingað til.

Forseti: Þá hefur fulltrúi Samfylkingarinnar og Besta flokksins lokið við það að boða bókun. Umræðu um þennan lið telst þá lokið og við leggjum fram fundargerðir borgarráðs frá 28. nóvember. Enginn hefur kvatt sér hljóðs og telst þessum 5. lið dagskrárinnar lokið. Við förum í 6. lið á dagskrá sem eru fundargerðir. Lagðar eru fram fundargerðir forsætisnefndar frá 25. nóvember, fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 11. nóvember, fundargerð mannréttindaráðs frá 22. nóvember, fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 14. nóvember, fundargerð skipulagsráðs frá 23. nóvember, fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 16. nóvember, fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 22. nóvember, fundargerðir velferðarráðs frá 9. og 17. nóvember. Enginn hefur kvatt sér hljóðs og telst þessum lið lokið. Fleira liggur ekki fyrir á þessum borgarstjórnarfundum og telst honum lokið 25 mínútur í nú. Takk fyrir og góða ferð. [Forseti slær í bjöllu].